

117
12. maí**REGLUR**

fyrir Stofngjaldasjóð bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög símanotenda í Reykjavík og Hafnarfirði sem stofngjöld og viðtökugjöld, svo og vextir af innstæðum sjóðsins.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að standa undir stækkun bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að svo miklu leyti sem hann hrekkur til, einkum þegar um meiri háttar stækkanir er að ræða, eftir því sem póst- og símamálastjóri og ráðherra ákveða. Framlög úr sjóðnum eru óendurkræf.

3. gr.

Tekjur sjóðsins færast ekki til tekna í rekstrarreikningi landssímans, heldur færast sjóðseignin, eins og hún er við hver áramót, á höfuðstólsreikning símans.

Póst- og símamálaráðherra, 12. maí 1952.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

118

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Tryggingarsjóðs sparisjóða 1943—1951.

Tekjur:

1. Tillög sparisjóða:

Árin 1943—1944	kr. 17152.30
Árið 1945	— 17432.66
Árið 1946	— 24326.61
Árið 1947	— 33960.13
Árið 1948	— 34023.75
Árið 1949	— 25019.74
Árið 1950	— 33812.08
Árið 1951	— 32234.79
	<hr/>
	kr. 217962.06

2. Vaxtatekjur sjóðsins:

Árin 1943—1944	kr. 162.37
Árið 1945	— 778.65
Árið 1946	— 1215.12
Árið 1947	— 1815.51
Árið 1948	— 4266.46
Árið 1949	— 5407.33
Árið 1950	— 7128.00
Árið 1951	— 7560.79
	<hr/>
	— 28334.23

Alls kr. 246296.29